## Fundargerð
356. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 12. september 2013 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJÓ) og Sveinn Ragnarsson (SR). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og var spurt eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust, var þá gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

**<u>Fundargerðir</u>**

1. **355. fundur sveitarstjórnar 15. ágúst 2013.**

   *Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

2. **Skipulags- og bygginganefnd 9. september 2013.**

   *Farið yfir fundargerðina.*

   1. **1309004 – Málefni Þörungaverksmiðjunnar hf.**

      *Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

   2. **1309003 – Ástandsúttekt á slysavörnum í Reykhólahöfn.**

      *Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

   3. **1309001 – Deildará 139547 – stofnun nýrrar lóðar, Sjávarholt 220325.**

      *Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.*

   4. **1301023 – Strýta 139757 – umsókn um byggingaleyfi.**

      *Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.*

   *Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

3. **Stjórn Barmahlíðar 20. ágúst 2013.**

   *Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

4. **Fjallskilanefnd 21. ágúst 2013.**

   *Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

5. **Reykhólahöfn dýpkun 2013, verkfundur nr. 3 (lokafundur).**

   *Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt. GJÓ gerði athugasemd um það hvort búið væri að laga skemmd sem varð á upptökubraut við vinnu Hagtaks. Sveitarstjóra falið að kanna málið.*

**<u>Mál til afgreiðslu</u>**

1. **1309011 – Heimsókn forseta Íslands 17. september 2013.**

   *Sveitarstjóri lagði fram dagskrá vegna heimsóknar forseta til Reykhólahrepps þann 17. september 2013. Sveitarstjórn samþykkir dagskrána samhljóða.*

2. **1309014 – Fjallskilaseðill 2013.**

   *Fjallskilaseðill fyrir árið 2013 lagður fram til samþykktar. Seðillinn hefur þegar verið sendur út. Sveitarstjórn samþykkir leitarseðilinn formlega, samþykkt samhljóða.*

3. **1308008 – Fjórðungsþing Vestfirðinga, frestun þings til 11. og 12. október.**

   *Sveitarstjóra falið að endurnýja áður útsend kjörbréf vegna breytinganna. ÁSK mætir ekki á þingið og fer AB með hennar atkvæði. EK, GJÓ, SR, AB og sveitarstjóri mæta á þingið fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.*

4. **1309005 – Félag eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi veturinn 2013 - 2014, ósk um stuðning.**
   Erindi frá formanni félagsins móttekið 18. ágúst 2013.

   *Sveitarstjórn samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 100.000 vegna reksturs félagsins veturinn 2013-2014, sveitarstjóra falið að svara erindinu að öðru leyti. Samþykkt samhljóða.*

5. **1309006 – Vinstri Hægri Vinstri, umferðarfræðsla í grunnskólum, styrkbeiðni.**
   Erindi frá Önnu Bergljótu Thorarensen dagsett 22. ágúst 2013.

   *Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð kr. 35.000. Samþykkt samhljóða.*

6. **1309009 – Stekkjarholt 139687, afskrift fasteignagjalda.**
   Erindi frá sveitarstjóra, dagsett 6. september 2013.

   *Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.*

7. **1309010 – Stígagerð í Flatey 2013.**
   Framhald af stígagerð 2011, ósk um samstarf, erindi frá Framfarafélagi Flateyjar dagsett 4. september 2013.

   *Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Framfarafélagið um kr. 25.000 til að standa straum af teikningum vegna stígagerðar í Flatey. Samþykkt samhljóða.*

8. **1309015 – Sjávarsmiðjan styrkbeiðni.**
   Erindi frá Kristínu Tómasdóttur dagsett 25. júlí 2013.

   *Erindinu hafnað. Samþykkt samhljóða.*

**Til kynningar**

9. **1309007 – Fiskeldi i köldum strandsjó Íslands, ráðstefna 3. og 4. október 2013.**
   Erindi frá Magnúsi Ólafs Hanssyni verkefnisstjóra Atvest dagsett 2. september 2013.

   *Lagt fram.*

10. **1309008 – Tilraunaverkefni um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi.**
    Erindi frá rektor Háskólans á Bifröst dagsett 12. ágúst 2013.

    *Lagt fram.*

**Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin**

11. **1309016 – Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna 2013, 3. og 4. október 2013.**

    *Oddviti og sveitarstjóri sækja ráðstefnuna. Samþykkt samhljóða.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16.20.**